



## LEIÐIR TIL INNLEIÐINGAR

- ✓ Samningsbundin sáttamiðlun
  - Innleiðing í samninga
  - Innleiðing í stefnu
- ✓ Lögbundin sáttamiðlun
  - Innleiðing í löggjöf

## AF HVERJU AÐ INNLEIÐA SÁTTAMIÐLUN

- ✓ Upphaf og aðdragandi sáttamiðlunar er mismunandi eftir því hvort að búið er að semja um sáttamiðlun áður en ágreiningur kemur upp eða ekki.
- ✓ Ef ekki er búið að innleiða sáttamiðlun með einhverjum hætti, er mun ólíklegra að deiluaðilar komi sér saman um að leita úrræðisins, þrátt fyrir að það gæti hjálpað báðum aðilum.

## INNLEIÐING SÁTTAMIÐLUNAR

- ✓ Sáttamiðlun nýtur vaxandi vinsælda sem leið til að leysa ágreinings- og deilumál.
- ✓ Enn eru þó fáir samningar sem innihalda sérstök ákvæði um sáttamiðlun, og því er það raunin að flest mál sem rata í sáttamiðlun vegna þess að aðili stingur upp á því eftir að deilan hefur komið upp.

## KOSTIR INNLEIÐINGAR

- ✓ Auðveldar okkur að grípa fyrir inn í ágreiningsmál áður en þau stigmagnast
- ✓ Búið að skilgreina ákveðna inngripspunkta
- ✓ Þröskuldurinn er lægri
- ✓ Ákveðið forvarnarstarf – minni hættu á að samskiptaerfiðleikar fái að grassera
- ✓ Líklegri til þess að fara sáttamiðlunarleiðina, með þeim kostum sem úrræðinu fylgir.

## HVERNIG INNLEIÐUM VIÐ SÁTTAMIÐLUN Í SAMNINGA

- ✓ Í hvers konar samningum?
- ✓ Hvar eiga ákvæðin heima?
  - Yfirleitt í lok samnings, t.d. á undan ákvæði um vararþing.
- ✓ Hvernig líta svona ákvæði út?

## SÁTTAMIÐLUNARÁKVÆÐI Í SAMNINGUM

"Rísi ágreiningur milli aðila í tengslum við samning þennan, sem aðilar ná ekki að leysa sín á milli, eru aðilar sammála um að leita sáttamiðlunar, sem fylgja skuli **siðareglum Sáttar**, áður en öðrum úrræðum er beitt, s.s. riftun eða höfðun dómsmáls. Sáttamiðlun felur í sér að báðir aðilar deilu hittast ásamt hlutlausum þriðja aðila, sáttamiðlara, í því skyni að ná sáttum milli aðila. Sáttamiðlari hefur ekki vald til þess að ákveða niðurstöðu máls heldur liggur ákvörðunarvald alltaf hjá aðilum. Aðilar samþykkja að deila jafnt kostnaði við sáttamiðlunina."

## ATRÍÐI SEM EINNIG ÞARF AÐ HUGA AÐ

- ✓ Nánar í hvaða tilvikum aðilar vilji leita til sáttamiðlunar
- ✓ Hvernig skuli velja sáttamiðlara
- ✓ Hvar sáttamiðlun skuli fara fram
- ✓ Hvað felist í því að taka þátt í sáttamiðlun (þ.e. t.d. hve lengi aðilar muni að lágmarki reyna að komast að samkomulagi í sáttamiðlun áður en öðrum úrræðum er beitt)
- ✓ Önnur praktísk atriði sem hægt er að semja um áður en ágreiningur rís?

## HVAÐ BER AÐ VARAST?

- ✓ Freistingin að hafa ákvæðið einfalt og opið til túlkunar.
- ✓ Að draga ályktanir að hinn aðilinn muni túlka hlutina á sama hátt og þú (þó það virðist augljóst) - frekar að eyða meiri tíma í undirbúning og hafa hlutina skriflega.

## RÉTTARÁHRIF SÁTTAMIÐLUNAR

- ✓ Samkomulag aðila fylgir hefðbundnum samningarétti
  - Ekki sömu réttaráhrif og ákvarðanir gerðardóms eða dómstóla.
  - Vilji aðila til að virða niðurstöðuna.
- ✓ Þátttaka í sáttamiðlun, sem ekki leiðir til sáttar, fyrirbyggir ekki að öðrum úrræðum sé beitt við lausn ágreiningsins.

## STANDARD MEDIATION CLAUSE ([MEDIATE.COM](https://www.mediate.com))

*Mediation is a process under which parties submit their dispute to an impartial, neutral mediator who will work to achieve with the parties a mutually acceptable resolution of the dispute. The mediator is not empowered to impose a solution on the parties. The parties agree to first pursue **in good faith** the mediation of any dispute arising out of the subject matter of this agreement before resorting to arbitration or any other legal remedy. Mediation fees, if any, shall be divided equally among the parties involved.*

## STANDARD MEDIATION CLAUSE ([ADR.ORG](http://ADR.ORG))

*If a dispute arises out of or relates to this contract, or the breach thereof, and if the dispute cannot be settled through negotiation, the **parties agree first to try in good faith to settle the dispute by mediation administered by the American Arbitration Association under its Commercial Mediation Procedures** before resorting to arbitration, litigation, or some other dispute resolution procedure.*

## ÝMIS SÁTTAÁKVÆÐI

- ✓ 12. gr. Ágreiningur. ÍST 35 Samningsskilmálar um hönnun og ráðgjöf.
  - Samningsaðilum ber að leita leiða til að leysa ágreiningsmál í sátt. Takist það ekki er mælt til að samningsaðilar komi sér saman um óháðan aðila til að aðstoða við að miðla málum. Annars skal vísa ágreiningi til almennra dómstóla nema samningsaðilar hafi fallist á að vísa ágreiningi til gerðardóms í samræmi við gildandi lög um samningsbundna gerðardóma.

## FERLIÐ VIÐ INNLEIÐINGU Í STEFNU

- ✓ Ákvörðun stjórnenda um að innleiða sáttamiðlun
- ✓ Skilgreining á ferlinu - hvenær, hver, hvernig...
  - Álit frá þeim sem verða fyrir áhrifum við innleiðinguna
- ✓ Sjálf innleiðingin, ákveða hvar þetta passar inn í
  - Stefna fyrirtækisins, gæðastjórnunarkerfi, samskiptastefna, mannaúðstefna o.s.frv.
  - Kynna úrræðið fyrir starfsfólki
- ✓ Notkun sáttamiðlunar
- ✓ Umbætur og eftirfylgni

## INNLEIÐINGIN Í OKKAR HÖNDUM

- ✓ Hvernig viljum við botna þessa setningu:
  - “Rísi ágreiningur um framkvæmd þessa samnings...”
- ✓ Sáttamiðlunarákvæði í samningum eru einn af lykilþáttum til þess að gripið sé til sáttamiðlunar á fyrri stigum ágreinings.



## LÖGFEST SÁTTAMIÐLUN

## UMGJÖRÐINA VANTAR


- ✓ Innleiðing sáttamiðlunar í dómskerfið á Íslandi er skammt á veg komin í samanburði við önnur lönd.
  - XV. kafli einkamálalaga nr. 91/1991 fjallar um sáttir.
  - Sjá einnig tilkynningu Dómstólaráðs nr. 2/2007 sem fjallar um sáttamiðlun fyrir dómi í einkamálum (féll úr gildi með gildistöku dómstólalaga nr. 50/2016)
- ✓ Tímasetning sáttumleitana og hagræði

## EINKAMÁLALÖG, NR. 91/1991

- ✓ 106. gr. 1. Dómari leitar sátta ef aðilar fara með forræði á sakarefni nema hann telji víst að sáttatilraun verði árangurslaus vegna eðlis málsins, afstöðu aðila eða annarra ástæðna.
- ✓ 2. Dómari leitar að **jafnaði sátta eftir að stefndi hefur lagt fram greinargerð** sína en áður en þing er háð til aðalmeðferðar. Dómara er heimilt að leita sátta fyrr, svo og við aðalmeðferð eða eftir að flutningi máls er lokið.

## EINKAMÁLALÖG, NR. 91/1991

- ✓ 107. gr. 1. Dómari getur orðið við ósk aðila um að vísa sáttumeitunum í máli til sýslumannsins í þeirri þinghá þar sem mál var höfðað ef dómari telur það vænlegt til árangurs og ekki leiða til óþarfra tafa.



## SÁTTAMIÐLUN ERLENDIS

## TILSKIPUN EVRÓPUSAMBANDSINS NR. 2008/52/EC - 21. MAÍ 2008

- ✓ Fjallar um sáttamiðlun í ágreiningsmálum á sviði einkaréttar og viðskipta (e. *Directive on Certain Aspects of Mediation in Civil and Commercial Matters*).
- ✓ Aðildarmki eru hvött til þess að beita sáttamiðlun við lausn einkaréttarlegra eða viðskiptalegra ágreiningsmála sem teygja sig yfir landamæri aðildarríkjanna.
- ✓ Eitt helsta markmið tilskipunarinnar er að auðvelda aðgang að sáttamiðlun og stuðla að vinsamlegum lausnum deilumála.

## NOTKUN SÁTTAMIÐLUNAR ERLENDIS - NOREGUR

- ✓ **Ágreiningsráðið** (n. Konfliktrådet) tekur bæði til meðferðar einkamál og sakamál til sáttameðferðar.
- ✓ Fyrstir evrópuþjóða til að setja lög um **sáttamiðlun í sakamálum**. Sérstök áhersla á sáttamiðlun í sakamálum ungra afbrotamanna.
- ✓ **Sáttamiðlun í einkamálum**. Skylda að láta vita af fyrirhugaðri málsókn – hvatt til sáttamiðlunar áður en farið er fyrir dómstóla.
- ✓ Sáttanefndir er að finna í öllum sveitarfélögum í Noregi, aðilar leita til þeirra áður en að mál fer fyrir dómstóla. Sáttanefndir taka fyrir árlega um 100.000 einkamál, en til samanburðar eru um 15.000 einkamál þingfest hjá héraðsdómstólum landsins. Mikill fjöldi mála sem leysist hjá sáttanefndum.

## NOTKUN SÁTTAMIÐLUNAR ERLENDIS - SVÍPJÓÐ

- ✓ "Sænsk lög um sáttamiðlun tóku gildi 1. júlí 2002 (s. Lov om medling i straffesaker). Með þeim gafst möguleiki á sáttamiðlun í breiðum hópi mála en þar má til dæmis nefna fíkniefnabrot og kynferðisbrotamál. Í lögnum kemur fram að í sáttamiðlun skuli sérstök áhersla lögð á unga afbrotamenn en engin efri aldursmörk eru þó tilgreind í lögnum."
- ✓ Ný lög um sáttamiðlun í einkamálum frá 1. ágúst 2011 til innleiðingar á evróputilskipuninni frá 2008.
- ✓ Sænsk réttarfarslög fjalla um leiðbeiningarskyldu dómstóla varðandi möguleika á sáttamiðlun.

### NOTKUN SÁTTAMIÐLUNAR ERLendis - DANMÖRK

- ✓ Sáttamiðlun lögfest í fjölskyldudeilum
- ✓ Öflugt félag sáttalögmannna, stofnað 2003, að frumkvæði danska lögmannafélagsins, starfar á landsvísu. Mikið framboð af sáttamiðlunarþjónustu á einkamarkaði, en þá bera aðilar sjálfir kostnað af þjónustunni, líkt og hér á landi.
- ✓ Innleitt í dönsk réttarfarslög: Allir danskir dómstólar bjóða upp á sáttamiðlun! Aðgengilegt fyrir alla borgara
- ✓ Sáttamiðlun í sakamálum – byrjaði sem tilraunaverkefni fyrir unga afbrotamenn. Lög frá 2010 tryggja aðgang að ágreiningsráði (d. konfliktráð).

### NOTKUN SÁTTAMIÐLUNAR ERLendis BANDARÍKIN

- ✓ Sáttamiðlun í dómstólakerfinu (State courts) – small claims court
- ✓ Sáttamiðlun notuð hjá opinberum stofnunum
- ✓ Sáttamiðlun á vinnustöðum – t.d. REDRESS, sem byrjaði sem verkefni hjá US Postal Service, sem innleiddi sáttamiðlun sem hluta af sinni vinnustaðamenningu og hefur verið viðurkennt sem mjög leiðandi og gott framtak við úrlausn deilumála

### NOTKUN SÁTTAMIÐLUNAR ERLendis KANADA

- ✓ Sáttamiðlun í dómstólakerfinu - 90% allra dómsmála þar sem stefnukröfur eru undir 4 milljónum kr. er beint í sáttameðferð.
- ✓ Sáttahlutfallið 70%
- ✓ Sáttamiðlun almennt viðurkennd forgangsléið við úrlausn ágreinings.

### NOTKUN SÁTTAMIÐLUNAR ERLendis BRETLAND

- ✓ Sáttamiðlun í dómstólakerfinu - Small claims court
- ✓ Tilraunaverkefni í heilbrigðiskerfinu - notað fyrir kvartanir og einnig í starfslokasamningum

### ERLENDAR FYRIRMYNDIR - HVÆÐ GETUM VIÐ LÆRT?

- ✓ Við getum lært mikið af nágrannþjóðum okkar og Bandaríkjamönnum þegar kemur að því að nýta sáttamiðlun í auknu mæli
- ✓ Mikil tækifæri fyrir sáttamiðlun á Íslandi